

Stefna ritstjórnar

Þroskaþjálfinn, blað Þroskaþjálfafélags Íslands kemur út einu sinni á ári. Útgáfuráð Þroskaþjálfafélags Íslands sér um útgáfu blaðsins.

Efni þroskaþjálfans getur verið greinar, fréttamolar, viðtöl eða annað sem skiptir þroskaþjálfastéttina máli. Allt efni sem birtist í blaðinu á að vera sett fram af fagmennsku, og vera stéttinni til sóma.

Greinar geta annað hvort verið ritrýndar fræðigreinar eða greinar almenns efnis. Greinar almenns efnis skulu uppfylla almennar kröfur um frágang og vönduð efnistösk en ekki eru gerðar sömu kröfur um fræðilega nálgun og í ritrýndum greinum.

Ritrýndar fræðigreinar þurfa að standast ítrustu gæðakröfur um efnisval, fræðilega úrvinnslu, meðferð heimilda, framsetningu og frágang. (Sjá leiðbeiningar fyrir greinahöfunda um ritrýndar greinar).

Fréttamolar eru t.d. fréttir frá ráðstefnum, fastir liðir í blaðinu s.s. pistill formanns, siðferðilegt álitamál, upplýsingar um bækur eða annað sem gagnast í starfinu, upplýsingar um útskrifaða þroskaþjálfu og lokaverkefni þeirra.

Viðtöl eru tekin og unnin af útgáfuráði eða að beiðni útgáfuráðs. Efni þeirra skal að jafnaði borið undir viðmælanda áður en það er birt.

Við skráningu heimilda skal alltaf nota APA staðal.